

Menningarstefna Grindavíkurbæjar

INNGANGUR

Frístunda- og menningarnefnd Grindavíkurbæjar tók ákvörðun um að endurskoða menningarstefnu sveitarfélagsins á fundi sínum 3. apríl 2019. Nefndin stóð m.a. fyrir opnum fundi með íbúum 3. febrúar 2020 auk þess sem íbúum stóð til boða að taka þátt í opinni könnun á vef sveitarfélagsins 4.-15. febrúar 2020. Á fundinum og í könnuninni kom margt gagnlegt fram sem nýttist við gerð stefnunar. Þá var haft samráð við forstöðumenn menningarstofnana Grindavíkurbæjar.

Stefnan var send stofnunum sveitarfélagsins til umsagnar. Þá voru drög að stefnunni sett á vef Grindavíkurbæjar og gafst íbúum tækifæri til þess að gera athugasemdir við hana eða koma ábendingum á framfæri.

Menningarstefna Grindavíkurbæjar var samþykkt í frístunda- og menningarnefnd xx. október 2020 og í bæjarstjórn xx. október 2020.

TILGANGUR

Tilgangur menningarstefnu er að auka lífsgæði Grindvíkinga með því að skapa jarðveg þar sem menningarlíf blómstrar með fjölbreyttum menningarviðburðum, fræðslu og miðlun upplýsinga. Menningarlíf í Grindavík á að vera aðgengilegt öllum íbúum sveitarfélagsins og einkennast af fjölbreytileika án landamæra, víðsýni og samvinnu.

Við mótun menningarstefnu Grindavíkurbæjar var horft til stefnumótunar sem átt hefur sér stað gegnum samstarf við önnur sveitarfélög á Suðurnesjum og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Þá var menningarstefna ríkisins höfð til hliðsjónar.

Þær menningarstofnanir sem Grindavíkurbær rekur gegna mikilvægu hlutverki við framkvæmd stefnunnar, þ.e. Bókasafn Grindavíkur, Kvikan – menningarhús Grindvíkinga og Tónlistarskóli Grindavíkur.

Lögð er áhersla á að þeir sem njóta stuðnings Grindavíkurbæjar á sviði menningarmála ástundi vönduð vinnubrögð og starfi faglega.

Grindavíkurbær setur sér að vinna eftir þessari stefnu við gerð starfs- og fjárhagsáætlana.

Gert er ráð fyrir því að menningarstefnan verði tekin til endurskoðunar eigi síðar en 1. október 2024.

BÖRN OG MENNINGARUPPELDI

Börn eru mikilvægir þátttakendur í menningarlífi Grindavíkur. Gott aðgengi þeirra að menningu eykur víðsýni, umburðarlyndi, sveigjanleika og sköpunarkraft í samfélaginu til lengri tíma litið. Menningarlæsi og menningarþátttaka eru sömuleiðis mikilvægir þættir í uppveiti barna og unglunga og forvörnum enda styður sú þátttaka við lýðræðisvitund, réttlæti og eykur hæfni til að setja hluti í sögulegt samhengi. Samvinna milli menningarstofnana og skóla Grindavíkurbæjar er góð leið til að styrkja einstaklinga til virkrar menningarþátttöku.

Markmið

- Í Grindavík alist upp skapandi og víðsýnir einstaklingar.
- Grindavíkurbær stuðli að fjölbreyttu framboði menningar fyrir börn og ungmenni og þátttöku þeirra í menningarstarfi.
- Stofnanir Grindavíkurbæjar bjóði upp á menningarfræðslu fyrir alla aldurshópa.

Leiðir

- Stuðla að samstarfi skóla- og menningarstofnana við listamenn, fræðimenn og áhugafólk á sviði menningar.
- Menningar- og skólastofnanir starfi saman með heimsóknum, verkefnum og kennslu.
- Skólastofnanir og Kvikan setji reglulega upp sýningar á verkum nemenda.
- Menningarstofnanir vinni fræðslu- og viðburðaáætlun ætlaða börnum sem hluta af starfsáætlun hvers árs.
- Tryggja jafnt aðgengi barna að menningu og menningarstofnunum og þeirri starfsemi sem þar fer fram.
- Gert er ráð fyrir að skipuleggjendur geri grein fyrir þátttöku barna og ungmenna við mótun og framkvæmd verkefna er hljóta styrki frá Grindavíkurbæ, ef það á við.
- Ungmennaráð skal haft með í ráðum, þar sem það á við, við skipulagningu menningarstarfs á vegum sveitarfélagsins.
- Kostnaður við tónlistarnám verði jafnaður við kostnað við íþróttæfingar.

ÞÁTTAKA OG AÐGENGI

Aðgengi að menningu eflir samskipti milli ólíkra hópa og dregur úr hættu á menningarlegri einangrun. Menningarlíf á að standa öllum íbúum opið enda eiga menning og listir að vera uppspretta nýrra hugmynda. Grindavíkurbær getur með þátttöku og góðri samvinnu ólíkra stofnana skapað frjóan jarðveg þannig að einstaklingar hafi rými til að taka þátt og að þroskast á eigin forsendum enda á listsköpun sér stað víða í samfélaginu. Menningarstofnanir sveitarfélagsins þurfa að gefa íbúum tækifæri til að njóta menningar og kynnast menningararfinum.

Markmið

- Menningarstarf verði aðgengilegt öllum íbúum Grindavíkur.
- Íbúar hafi aðgang að aðstöðu til að skapa og sýna ólíkar listgreinar.
- Umhverfi stuðli að fagmennsku og atvinnusköpun á sviði lista og menningar.

Leiðir

- Styrkjum úthlutað samkvæmt verklagsreglum og þeir auglýstir á vef Grindavíkurbæjar
- Styrkir endurspegli breidd og framksækni.
- Hópar af erlendum uppruna verði sérstaklega hvattir til að sækja um styrki.
- Gerðir verði samningar til lengri tíma en eins árs til að styrkja rekstrargrundvöll og efla fagmennsku.
- Sveitarfélagið kaupir reglulega listaverk af listafólki innan og utan sveitarfélagsins. Verkin verði hluti af listaverkasafni Grindavíkurbæjar.
- Menningarverðlaun Grindavíkurbæjar verði afhent árlega og þeim fylgi fjárhagslegur stuðningur.
- Tónlistarskóli Grindavíkur standi opinn nemendum á öllum aldri.
- Sveitarfélagið bjóði listafólki upp á húsnæði og vinnuástöðu til að iðka list sína.
- Menningarviðburðir á vegum sveitarfélagsins séu kynntir á áberandi hátt og með góðum fyrirvara.
- Sveitarfélagið hafi yfir að ráða góðum sal til tónleika og sviðslista sem geti komið til móts við sveigjanlegar þarfir listamanna.
- Kvikan styðji sviðslistir með því að vinna að þróunarstarfi og þekkingaruppbyggingu á sviði sviðslista.
- Kvikan viðhaldi tengslaneti listafólks á og af svæðinu.
- Unnin verði starfsáætlun í öllum menningarstofnunum sveitarfélagsins þar sem m.a. er gerð grein fyrir nálgun við ólíka hópa innan sveitarfélagsins.
- Í menningarstofnunum Grindavíkurbæjar byggist upp fagþekking einstaklinga með ólíkan bakgrunn.
- Lögð verði áhersla á samstarf við atvinnulífið til að efla nýsköpunarmöguleika innan lista- og menningar.
- Viðburðir verði í boði allt árið.
- Menningarstofnanir verði samverustaðir fyrir almenning.
- Bókasafn Grindavíkur veiti almenningi aðgang að fjölbreyttu stafrænu efni og upplýsingum á mismuandi formi.

SÉRSTAÐA OG UMHVERFI

Menning, listir og saga hafa mikil áhrif á þróun hins manngerða umhverfis. Við hönnun opinberra bygginga og almannarýmis verður horft á hina listrænu hlið sem eðlilegan þátt. Listaverk glæða opin svæði lífi, veita þeim sérstöðu og bæta staðaranda. Opin svæði eru hvati til samveru fólks og eflingar félagslegra tengsla íbúa. Grindavíkurbær leggur áherslu á að draga fram sérstöðu sveitarfélagsins, varðveita hana og miðla til íbúa og gesta. Sérstaðan endurspeglar anda og sögu samfélagsins í Grindavík.

Markmið

- Sérstaða Grindavíkur verði dregin fram og skilgreind.
- Menningararfur svæðisins verði aðgengilegur íbúum og gestum.
- Listaverk verði mikilvægur hluti af umhverfi og ásýnd Grindavíkur.

Leiðir

- Byggingar, listaverk, bókmenntir og saga sveitarfélagsins verði kynnt á samræmdan hátt, m.a. með merkingum, í samvinnu við hagsmunaaðila og frjáls félagasamtök.
- Sveitarfélagið stuðli að verndun menningarminja í sveitarfélaginu og hvetji til skráningar, rannsókna og friðlýsinga þar sem það á við.
- Til sé skrá yfir listaverk í eigu sveitarfélagsins og skýrt verklag um varðveislu þeirra og útlán.
- Gerðar séu reglulega gestakannanir í menningarstofnunum sveitarfélagsins.
- Opnunartími menningarstofnana sé endurkoðaður reglulega til að koma sem best til móts við þarfir íbúa.
- Sveitarfélagið tryggji ásættanlegan húsakost til varðveislu minja og sýninga.
- Menningarstofnanir í sveitarfélaginu starfi saman að verkefnum tengja saman listsköpun og menningararf.
- Sveitarfélagið standi fyrir viðburðum sem styrkja ímynd Grindavíkur og hafa tengsl við atvinnulíf og sögu bæjarins.